

Aðalfundur LSG 31. maí 2021

Fundarstjóri: Jakob Falur Garðarsson

1. Skýrsla stjórnar

Ingvi Stígsson, formaður LSG, flutti skýrslu stjórnar LSG. Sjá meðfylgjandi skýrslu stjórnar í viðauka 1. Skýrslan var samþykkt samhljóða.

2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar

Margrét Katrín Guðnadóttir, gjaldkeri LSG, flutti skýrslu gjaldkera, sjá reikninga í viðauka 2. Ársreikningar eru fyrir árin 2019 og 2020. Tekjur voru samtals kr. 125.793 fyrir árið 2019 og kr. 74.409 fyrir árið 2020. Gjöld voru kr. 153.663 fyrir árið 2019 og kr. 42.150 fyrir árið 2020. Höfuðstóll eftir árið 2020 er kr. 1.578.315. Reikningar fyrir bæði árin voru samþykktir samhljóða.

3. Lagabreytingar

Laganefnd var skipuð af; Jakob Falur Garðarsson, Finnbjörn A. Hermannsson og Erling Ásgeirsson. Lögin voru samþykkt með ýmsum breytingartillögum á aðalfundi 2019 en þau eru á vefnum; www.hornstrandir.is. Engar lagabreytingartillögur voru settar fram á þessum aðalfundi.

4. Stjórnarkjör

Kosning var skv. bráðabirgðaákvæði 12. greinar laga LSG.

Formaður, stjórnarmaður og einn varamaður kosinn til tveggja ára: Ingvi Stígsson gaf kost á sér áfram sem formaður og Gunnar H. Kristjánsson gaf áfram kost á sér í stjórn. Sigrún Þorvarðsdóttir gaf áfram kost á sér sem varamaður í stjórn. Samþykkt samhljóða.

Varaformaður, tveir stjórnarmenn og einn varamaður kosnir til eins árs: Sölvi Rúnar Sólbergsson gaf áfram kost á sér sem varaformaður. Margrét Katrín Guðnadóttir og Finnbjörn A. Hermannsson gáfu áfram kost á sér í stjórn. Jósef Vernharðsson gaf kost á sér sem varamaður í stjórn. Samþykkt samhljóða.

5. Kjör tveggja skoðunarmanna til 2ja ára í senn og tveggja til vara

Jónína Vala Kristinsdóttir og Unnur Friðriksdóttir gáfu áfram kost á sér sem skoðunarmenn reikninga. Samþykkt samhljóða.

6. Tekin ákvörðun um árgjald félagsins

Tillaga kom um óbreytt árgjald kr. 1200. Einnig kom fram tillaga um að hækka árgjaldið í kr. 1500. Umræður voru um greiðsluform og heimabanka.

Samþykkt var af meirihluta fundarmanna að halda árgjaldinu óbreyttu kr. 1200. Krafa verður stofnuð í heimabanka félagsmanna og því bætist við kostnaður vegna bankainnheimtu, u.þ.b. 300 kr.

7. *Önnur mál:*

Jósef Vernharðsson var ósáttur við sorpeyðingargjald sem er lagt á húseigendur. Hann óskaði eftir að stjórn skoði þetta mál. Ingvi rakti rök fyrir þeirri heimild Ísafjarðarbæjar til að leggja á sorpeyðingargjald. Stjórn sendir erindi á Ísafjarðarbæ. Ingvi hvatti til að þess að fólk verði vakandi varðandi aðalskipulagsmál. Umræður voru um flugvélalendingar í Friðlandinu. Umræður voru um ref og fuglavarp.

Staðfesting fundargesta á setu sinni á Aðalfundi 2021 er í viðauka 3.

Fundi slitið kl. 21:05.

Gunnar H. Kristjánsson, ritari LSG

Stjórn LSG

Ingvi Stígsson

Sölvi Rúnar Sólbergsson

Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson

Gunnar H. Kristjánsson

Margrét Katrín Guðnadóttir

Horni, formaður

Hesteyri, varaformaður

Sæbóli og Efri Miðvík, meðstjórnandi

Látrum, ritari

Fljótavík, Gjaldkeri

Varamenn

Halldóra Kristinsdóttir

Jósef Vernharðsson

Sigrún Þorvarðsdóttir

Hesteyri

Fljótavík

Látrum og Neðri-Miðvík

Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps 31. maí 2021

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið

23. maí 2019 til 31. maí 2021.

Fyrirgreind tímabil hefur verið mjög óhefðbundið. Aðalfundi 2020 var frestað vegna samkomutakmarkana og stóð til að halda hann haustið 2020. Þrátt fyrir að það rofaði til um sumarið og fram á haust tókst ekki að nýta þennan skammgóða vermi til að boða til aðalfundar og skullu samkomutakmarkanir á aftur.

1. Aðalfundur LSG haldinn 23. maí 2019

Á aðalfundi 2019 voru eftirtaldir kjörnir til trúnaðarstarfa til tveggja ára:

- Ingvi Stígsson, formaður, Horni
- Sölvi Rúnar Sólbergsson, varaformaður, Hesteyri
- Gunnar Kristjánsson, ritari, Látrum
- Margrét Guðnadóttir, gjaldkeri, Fljótavík
- Finnbjörn Hermannsson, meðstjórnandi, Sæbóli og Efri-Miðvík

Varamenn voru kosnir

- Sigrún Þorvarðsdóttir, Látrum og Neðri-Miðvík
- Jósef H. Vernharðsson, Fljótavík
- Halldóra Kristinsdóttir, Sæbóli

Skoðunarmenn reikninga voru kosin

- Jónína Vala Kristinsdóttir, Sæbóli Aðalvík
- Unnur Friðriksdóttir, Látrum Aðalvík

Til vara

- Sveinn Smáráson, Þverdal
- Jakob Falur Garðarsson, Kvíum

Verkaskipting stjórnar hélst óbreytt.

Á síðasta aðalfundi voru gerðar breytingar á lögum og kemur nú á þessum fundi til framkvæmda breytt stjórnarkjör. Þ.e. kosnir verða formaður, stjórnarmaður og varamaður til tveggja ára. En varaformaður, tveir meðstjórnendur og annar varamaður til eins árs skv. bráðabirgðaákvæði. Þeir verða næst kosnir til tveggja ára. Á næstu aðalfundum verður því aðeins kosið um hluta stjórnar hverju sinni.

2. Stjórnarfundir

Félagið hefur haldið 3 stjórnarfundum á tímabilinu. Var stjórn þegar búin að taka upp fjarfundarsnið á stjórnarfundum og gekk það ágætlega þrátt fyrir Covid.

Á fundi 20. maí 2020 var farið yfir þjóðlendum og óbyggðanefnd. Þá var nýbúið að framlengja frest ríkisins til 30. júní. Gengið var endanlega frá aðalfundargerð og lögum frá aðalfundi 2019.

Á fundi 19. nóvember var farið yfir kröfur fjármálaráðherra um þjóðlendum í Ísafjarðarsýslu (svæði 10B).

Á fundi 28. maí 2021 var aðalfundur undirbúinn og farið yfir nýfallinn dóm varðandi þyrlulendingu í Fljótavík 2019. Sem og breytingar á reglum friðlandsins varðandi umferð flugvéla í þágu landeigenda í Höfn í Hornvík og takmarkanir á kvikmyndatöku í nágrenni refagrenja.

3. Hornstrandanefnd

Í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins, Hornstrandanefnd, sátu á tímabilinu sem fulltrúar LSG Ingvi Stígsson, Sölvi Sólbergsson og Margrét Katrín Guðnadóttir. Fulltrúar Ísafjarðarbæjar voru Andrea Sigrún Harðardóttir og Guðmundur Gunnarsson. Guðmundur hætti sem bæjarstjóri í janúar 2020 og tók þá Birgir Gunnarsson við. Fulltrúi Umhverfisstofnunar var Kristín Ósk Jónasdóttir, umsjónarmaður friðlandsins.

3 fundir voru haldnir í Hornstrandanefnd á tímabilinu.

Á fundi 4. desember 2019 var farið yfir sumar 2019 og verkefni það sumar. S.s. lagfæringar á göngustígum á Hesteyri, lagfæring á landvarðahúsi í Höfn í Hornvík og útskiptum á skiltum. Um sumarið var unnið í lagfæringum á vörðum milli Skálakambs og Atlaskarðs.

Sumar 2019 voru 3 leyfi til framkvæmda, húsbygging á Sæbóli, sjóvarnargarður í Fljótavík og lagfæring á rorum og fleira við Hornbjargsvita. Einnig voru veitt 2 kvikmyndaleyfi vegna myndatöku við greni. Innleiðing stjórnunar- og verndaráætlunar var rædd. Sýnt var úr örmyndbandi fyrir gesti svæðisins. Fundið var að ruslabrennum landeigenda, en nýir brennslustaðir hafa verið að spretta upp. Farið var yfir skipulagsmál og ósk Umhverfisstofnunar um að deiliskipuleggja svæði fyrir tjaldsvæði og þjónustuhús. Að lokum var rætt um stöðu samkomulags um framkvæmdaleyfa.

Á fundi 6. maí 2020 var farið yfir undirbúning Hornstrandastofu og rætt um göngukort Umhverfisstofnunar fyrir Hornstrandafriðland. Rætt var um skipulagsmál á Hesteyri vegna þjónustuhúss. Kynnt var minnisblað Umhverfisstofnunar varðandi kvikmyndaleyfa á refagrenum.

Farið var yfir starfsmenn og helstu verkefni sumarsins og rædd fræðsludagskrá innan friðlýstra svæða.

Á fundi 23. mars 2021 var farið yfir formlega opnun Hornstrandastofu. Farið yfir landvarðavikur og starfsmenn 2021 - sambærilegt vinnumagn og að mestu sömu starfsmenn. Friðlandið hefur fengið úthlutað úr innviðasjóði til viðbótar við þjónustuhús. Á þriggja ára plani er gert ráð fyrir nýrri göngubrú yfir Hesteyrará og fyrir samgöngubryggju við

Hesteyri. Unnið er að að sækja um byggingarleyfi fyrir þjónustuhús á Hesteyri. Vinna á í lagfæringum á göngustígum í Hornvík, ljúka við gerð brúar yfir Skorará og laga göngustíga í Veiðileysufirði.

Skv. stjórnunar- og verndaráætlun á að fara að endurmeta reglur varðandi fjöldatakmarkanir og tilkynningarskyldu og verður það tekið fyrir í haust.

Breytingar á reglum er varðar kvikmyndatökur og dróna og varðandi lendingu flugvéla í Höfn í Hornvík eru í kynningu.

Rætt var um framandi ágengar tegundir, sér í lagi mink og minkaveiðar, en einnig kerfil og lúpínu.

4. Hornstrandastofa

Hornstrandastofa var opnuð í Silfurgötu 1 - Björnsbúð - 21. apríl. Í tilkynningu á vef stjórnarráðsins segir: „Hornstrandastofa er gestastofa fyrir Friðlandið á Hornströndum og er til húsa í sögufrægu húsi, Björnsbúð í miðbæ Ísafjarðarbæjar. Í gestastofunni hefur verið sett upp sýning sem dregur fram meginaðdráttarafl friðlandsins; mikilfengleg fuglabjörg, tegundaaðgi og melrakkann, en Hornstrandir hafa verið griðland hans síðan árið 1995.“



Jónína Jakobsdóttir frá Kvíum í Jökulfjörðum

5. Stjórnunar- og verndaráætlun

Það er endurskoðun framundan á reglum í stjórnunar- og verndaráætlun. Sumarið 2020 var hins vegar ekki venjulegt og erfitt að nota það til grundvallar breytingum. Gert er ráð fyrir að taka reglurnar upp í haust.

Þyrlulending í Fljótavík - lögræðingar UST og umhverfisráðuneytis eru að skoða. Skv. dómi ná reglur um umferð og dvöl nái ekki yfir flug á skipulögðum flugvöllum.

Nýtt göngukort hefur verið gefið út af Umhverfisstofnun í 1:50.000

6. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar gildi til 2020. Vinna við endurskoðun á því hófst seint og gengur hægt. Búið er að halda fjarfundir fyrir Hesteyri, Sæból og Látra var boðið að mæta.

7. Þjóðlendum

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins lagði fram kröfur um þjóðlendum síðastliðið haust. Kröfurnar eru víðfemar og þó á fundum hjá LSG hafi verið bent á að þær gætu orðið meiri en á fyrri svæðum vegna nýrra lögmanna þá fóru þær fram úr öllu sem búist var við. Þrennt vinnur gegn svæðinu:

- Ný lögmansstofa, sem er e.t.v. að finna svolítið upp hjólið að nýju
- Bruni skjalasafns sýslumannsins á Ísafirði 1924, en 29. febrúar það ár brann fangahúsið á Ísafirði og með því skjalageymsla sýslumanns og bæjarstjórnar
- Sléttuhreppur varð mannlaustr 1952 og engin sveitarstjórn starfandi eftir það

Gögn og skjöl eru því mun rýrari en æskilegt væri. En í einhverjum tilfellum eiga landeigendur gögn sem koma þarf á framfæri. Flestir landeigendur hafa gert gagnkröfur. Undantekningar eru ríkið í tilfellir Staðar í Aðalvík, Hlöðuvík, Hælavík og Látravík og landeigendur í Skáladal og á Sléttu.

Fylgiskjöl

Fundargerðir stjórnarfunda Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurbrepps

Dreift á aðalfundi og birt rafrænt á www.hornstrandir.is eftir samþykki.

- Fundur 20. maí 2020
- Fundur 19. nóvember 2020
- Fundur 28. maí 2021

Fundargerðir Hornstrandanefndar [með fyrirvara]

Dreift á aðalfundi en ekki rafrænt.

- Fundur 4. desember 2019
- Fundur 6. maí 2020
- Fundur 23. mars 2021

Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

Rekstrarreikningur
1.1.2020-31.12.2020

<u>Tekjur</u>	
Árgjald 2020	67.500 kr.
Vaxtatekjur	6.909 kr.
<hr/>	
Tekjur samtals	74.409 kr.
<u>Gjöld</u>	
Vefur	30.160 kr.
Innheimtukostnaður árgjalds og póstkostnaður	10.470 kr.
Fjármagnstekjuskattur	1.520 kr.
<hr/>	
Gjöld samtals	42.150 kr.
Rekstrarafgangur	32.259 kr.

Efnahagsreikningur
31.12.2020

<u>Eignir</u>	
Átthagafélag Sléttuhrepps í Reykjavík	26.873 kr.
Átthagafélag Sléttuhrepps á Ísafirði	26.873 kr.
Grunnvíkingafélagið á Ísafirði	26.963 kr.
Veltureikningur	385.135 kr.
Vaxtareikningur	1.112.470 kr.
<hr/>	
Eignir samtals	1.578.315 kr.
<u>Skuldir og eigið fé</u>	
Skuldir	- kr.
Eigið fé	1.578.315 kr.
<hr/>	
Skuldir og eigið fé samtals	1.578.315 kr.
<u>Höfuðstóll</u>	
Höfustóll 1.1.2020	1.546.056 kr.
Rekstrarafgangur	32.259 kr.
<hr/>	
Höfustóll 31.12.2020	1.578.315 kr.

Reykjavík, 31.05.2021

Við höfum athugað reikningana og gerum ekki athugasemdir


Jónína Vala Kristinsdóttir, skoðunarmaður reikninga


Margrét Katrín Guðnadóttir, gjaldkeri


Unnur Friðriksdóttir, skoðunarmaður reikninga


Ingvi Stígsson, formaður

Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

Rekstrarreikningur
1.1.2019-31.12.2019

Tekjur

Árgjald 2019	100.800 kr.
Vaxtatekjur	24.993 kr.
Tekjur samtals	125.793 kr.

Gjöld

Vefur	10.800 kr.
Kostnaður við fundi	127.919 kr.
Innheimtukostnaður, póstkostnaður, þjónustugjöld	9.445 kr.
Fjármagnstekjuskattur	5.499 kr.
Gjöld samtals	153.663 kr.

Rekstrarafgangur - **27.870 kr.**

Efnahagsreikningur
31.12.2019

Eignir

Áttahagafélag Sléttuhrepps í Reykjavík	21.087 kr.
Áttahagafélag Sléttuhrepps á Ísafirði	21.087 kr.
Grunnvíkingafélagið á Ísafirði	21.177 kr.
Veltureikningur	375.412 kr.
Vaxtareikningur	1.107.293 kr.
Eignir samtals	1.546.056 kr.

Skuldir og eigið fé

Skuldir	- kr.
Eigið fé	1.546.056 kr.
Skuldir og eigið fé samtals	1.546.056 kr.

Höfuðstóll

Höfustóll 1.1.2019	1.573.926 kr.
Rekstrarafgangur	- 27.870 kr.
Höfustóll 31.12.2019	1.546.056 kr.

Borgarnesi 21.05 2019

Við höfum athugað reikningana
og gerum ekki athugasemdir

Jónína Vala Kristinsdóttir

Margrét Guðnadóttir gjaldkeri
Ingvi Stígsson formaður

Margrét Guðnadóttir

Ingvi Stígsson

Óanna Björnsdóttir

Aðalfundur LSG 31. 5. 2021

Egvi Stegsson
Guðni H. Stefánsson

Maðulátt 090572-0129

~~forst. M. M. M. M.~~
Sigrún Vinkharðsdóttir
Jóna S. Pálmadóttir

Ónnur B. Friðrik.

Hilmar R. Þórusson

Birna Jóhannsd.
Dunlaga Semannsd.

Árn Friðbjörnsson

Skuldara Fróskind.
Óveim Þráinn Jóhannsson

Ólafur

Frédrik A. Fréðriksson

Sigríður H. Friðrikis dóttir

Kristín Magnúsdóttir

Margrét Semundsd.

Bened. Þe. Heimir Þinabson

Harmoni J. Hermannsson

Jóni W. Jónsson
Ólafur Ólafsson

Dröf Sigbjörnsdóttir
Magítkennari
Jakobstaðir
Siquayön H. Feidöl